

Mánudaginn 2. júlí 1979.

Nr. 206/1977. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Ragnari Arnalds
 (sjálfur).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af refsikröfu og kröfu um miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfégeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. nóvember 1977 og gert þær dómkröfur:

1. Að ummæli, sem stefnt var út af í héraði, verði dæmd dauð og ómerk.
2. Að stefndi verði dæmdur til refsingar fyrir ummælin.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum áfrýjenda 50.000 krónur í miskabætur auk 9% ársvaxta frá 22. mars 1974 til 15. júlí s. á., en 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega 30.000 krónur til þess að kosta birtingu vantanlegs dóms í opinberum blöðum.

5. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, verða ekki talin refsiverðar móðganir né aðdróttanir, er varði við hegningarlög. Ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. október 1977.

1.0.

Mál þetta, sem er meiðyrðamál, var höfðað með stefnu, birtri 19. og 20. september 1974, á hendur Ragnari Arnalds alþingismanni, Mánabúfu í Skagafirði, en stefnendur eru Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðaborgarstíg 15, Ólafur Ingólfsson, BA., Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsson, núverandi hæstaréttardómari, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðaflöt 31, báðir í Garðahreppi.

Tilfni málshöfðunarinnar eru ummæli stefnda í viðtali í útvarpsþættinum Þingsjá, sem fluttur var í Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi, hinn 22. mars 1974.

2.0.

Um miðjan janúarmánuð 1974 efndu nokkrir menn til samvinnu undir kjörorðinu „Varið land“, áttu þarna hlut að allir

stefnendur máls þessa auk hæstaréttarlögmannanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn „varnarsamnings milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins“ frá 5. maí 1971 og brottvísun herliðs Bandaríkjanna af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náð höfðu tvítugs aldri 1. mars 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins“.

Stefnendur unnu síðan að því að fá menn til að undirrita þessa yfirlýsingu með það fyrir augum að afhenda síðan undirskriftalistana forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis að undirskriftasöfnuninni lokinni.

Fram hefur komið af hálfu stefnenda, að undirskriftasöfnunin hafi orðið umfangsmeiri en ætlað var í upphafi og þegar hún hafi verið langt á veg komin, hafi verið ákveðið að nota tölvutækni við að yfirfara undirskriftalistana í þeim tilgangi að kanna, hvort þeir, sem ritað höfðu nöfn sín á undirskriftalistana, hefðu náð tilskildum aldri, hvort einhverjir hefðu ritað nafn sitt á fleiri en einni lista og hvort tilbúin nöfn fyndust á listunum.

Eftir því sem fram hefur komið af hálfu stefnenda, voru upplýsingarnar á undirskriftalistunum færðar á tölvuspjöld með því að gata þau, og var tölva síðan notuð til að raða spjöldunum eftir númerum listanna, en listarnir höfðu allir verið númeraðir áður. Nöfnin og heimilisföngin voru prentuð út í þeirri röð og tölvan jafnframt látin telja nöfnin á hverjum lista. Tölvan var látin raða spjöldunum eftir heimilisföngum, og voru nöfnin síðan prentuð út í þeirri röð. Hinn prentaði nafnalisti var síðan borinn saman við íbúaskrár. Ef í ljós kom, að undirskrifandi hafði ekki náð tilskildum aldri, var athugasemd rituð við nafn hans á prentaða listanum. Ef nafn sama manns kom fyrir tvisvar, var athugasemd rituð við nafnið á prentaða listanum.

Þegar allar undirskriftir, sem tímanlega bárust, höfðu verið yfirfarnar, eins og unnt reyndist, voru viðeigandi athugasemdir um aldur og tvíritanir færðar inn á frumgögnin. Niðurstöður undirskriftasöfnunarinnar voru síðan birtar almenningi með greinargerð og undirskriftalistarnir afhentir forsætisráðherra og

forseta Sameinaðs Alþingis að undirskriftasöfnuninni lokinni, en tölvugögnin urðu eftir í vörslu stefnenda.

Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur gaf aðiljaskýrslu fyrir dóminum 7. september 1976. Sagði hann þá, að eitt eintak af skránum væri í vörslu forvígismanna „Varins lands“ auk segulbandsspólna. Afrit kvað hann hafa verið eyðilögð svo og gata-spjöld. Hann sagði, að engir aðrir en fyrirvarsmenn „Varins lands“ hefðu fengið aðgang að tölvugögnunum og að ekki hefði verið flett upp í þeim, síðan undirskriftasöfnuninni lauk. Hann sagði, að tölvuskrárnar væru ekki þannig úr garði gerðar, að unnt væri að tengja þær öðrum slíkum skráum, enda hefði það ekki verið tilgaurinn.

Þann 18. mars 1974 var lögð fram í Sameinuðu þingi tillaga til þingsályktunar um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi. Flutningsmenn voru stefndi Ragnar Arnalds, Benedikt Gröndal, Jónas Jónsson og Bjarni Guðnason.

Tillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um verndun einstaklinga gagnvart því, að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni. Nefndin skal kynna sér lög þau, sem sett hafa verið eða verið er að undirbúa í nálægum löndum, bæði austan hafs og vestan, um bann við persónunjósnum með tölvutækni. Nefndin skal hafa lokið störfum, áður en þing kemur saman næsta haust. Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.“

Af þessu tilefni var framangreint viðtal haft við stefnda í útvarpinu. Í fyrri hluta viðtalsins er aðallega rætt um sænsk lög, svonefnd Data lag nr. 289, sem samþykkt voru á sænska þinginu vorið 1973 og staðfest af konungi 11. maí 1973, svo og hliðstætt frumvarp, sem væri til meðferðar á Bandaríkjaþingi.

Síðari hluti viðtalsins er svohljóðandi:

„(Spyrjandi) Nú er það nú svo, að það er nú opinbert náttúrulega, að þessi þingsályktunartillaga ykkar, hún kemur það stutt á eftir þeim listum, sem safnað var hér vegna „Varins lands“, að maður tengir þetta nú saman, svona ósjálfrátt, enda segir í greinargerð, að jafnvel hin venjulegustu vinnubrögð gerbreyti um eðli, þegar allt í einu er farið að beita fullkomnustu tækni nútíma vísinda til að leysa verkefni af hendi með undraverðum hraða, sem áður hafi verið flókin og seinunnin handsvinna, og

er þarna væntanlega átt við vinnu í sambandi við þessa lista. Hvað sérðu athugasvert við tölvunotkun í sambandi við þá vinnu og flokkun á þessum listum? (Ragnar): Jú það er alveg rétt, þessi tillaga hún kemur núna fram vegna þess, að í framhaldi af undirskriftasöfnun „Varins lands“ hefur verið gerð fyrsta pólitíska tölvuskráin á Íslandi. Það hefur enginn neitt út á það að setja, eins og kom þarna fram hjá þér, að menn safni undirskriftum, það hefur svo oft áður verið gert og verður gert svo lengi sem menn búa við skoðanafrelsi og hafa manndóm í sér til að rífast um pólitík, en . . . og í kosningum þá . . . þá búa menn líka til allskonar vinnuskrár fyrir kosningasmala og . . . merkja svo á kjördegi í kosningaskrárnar. Þegar Jón Jónsson á Grettisgötunni er búinn að kjósa o. s. frv., en þá fyrst er háski á ferðum, þegar menn taka tölvutæknina í þjónustu sína, þá er kominn tími til að . . . stinga við fótum, þegar menn safna undirskriftum um land allt í stórpólitísku máli og fá fólk við allskonar kringumstæður til að ljá nafn sitt á lista, án þess að það hafi hugmynd um, að eftir á eru skoðanir þess skráðar á gata-spjöld og segulspólur, sem geta síðar meir orðið til afnota fyrir ýmiss konar óhlutvanda menn. Þá er þetta ekki lengur venjuleg undirskriftasöfnun, heldur skipulagðar persónunjósnir með nýjustu tækni. Ég vil minna á, að . . . að það er ekki aðeins verið að merkja við þá, sem að skrifuðu undir, það er ekki síður verið að merkja við þá, sem ekki vildu skrifa undir. Tölvun sér um það. Ég er sannfærður um, að þeir eru fjölmargir, sem orðið hafa fyrir vonbrigðum með, að tölvugögn skyldu ekki í gær hafa verið lögð fram opinberlega með undirskriftalistunum til þess að tryggja, að enginn hefði eða reyndi að hafa not af þeim. Einmitt þetta, að tölvugögnunum skyldi haldið eftir, hlýtur að vekja sterkar grunsemdir um, að tilgangurinn með því að eyða 300—400.000 króna í tölvuvinnsluna, verk, sem hefði mátt vinna með sjálfboðaliðum á miklu einfaldari hátt og ódýrari hátt, að tilgangurinn sé einmitt sá, sem menn hafa óttast, að hér eigi að mynda fyrsta vísinn að pólitískri tölvuskrá yfir alla Íslendinga til afnota fyrir hægri öflin í landinu. Tölvuskrá, sem skiptist í tvennt, annars vegar skrá yfir rúmlega 40% þjóðarinnar, sem við ýmsar kringumstæður skrifaði undir beiðnina um varanlegt erlent herlið í landinu, hins vegar skrá yfir þá óþægu, þessi tæplega 60% þjóðarinnar, sem ekki skrifuðu undir. (Spyrjandi): Það var einmitt það, þakka þér kærlega fyrir komuna Ragnar.“

3.0.

Stefnendur telja, að eftirgreind ummæli stefnda í ofangreindu viðtali séu ærumeiðandi fyrir sig:

„ . . . fá fólk við alls konar kringumstæður til að ljá nafn sitt á lista, án þess að það hafi hugmynd um, að eftir á eru skoðanir þess skráðar á gataspjöld og segulspólur, sem geta síðar meir orðið til afnota fyrir ýmiss konar óhlutvanda menn, þá er þetta ekki lengur venjuleg undirskriftasöfnun, heldur skipulegar persónunjósnir með nýjustu tækni.“

„ . . . tilgangurinn sé einmitt sá, sem menn hafa óttast, að hér eigi að mynda fyrsta vísinn að pólitískri tölvuskrá yfir alla Íslendinga til afnota fyrir hægri öflin í landinu . . .“

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

Að framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Að dæmd verði á hendur stefnda hæfileg refsing fyrir ummælin skv. 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum hverjum fyrir sig kr. 50.000 í miskabætur skv. 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 auk 9% ársvaxta frá 22. mars 1974 til 15. júlí s. á., en 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 30.000 skv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlegan málskostnað að skaðlausu eftir mati dómara.

Upphaflega var aðallega krafist frávísunar af hálfu stefnda, en fallið frá þeirri kröfu.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda in solidum eða pro rata.

4.0.

Málsástæður og lagarök.

Stefnendur telja, að í hinum umstefndu ummælum felist aðdróttanir um, að þeir, sem rituðu nöfn sín á undirskriftalistana, hafi verið fengnir til þess á röngum forsendum, að þeir hafi verið blekkir til að taka þátt í undirskriftasöfnuninni, að meðferð á undirskriftalistunum hafi verið óviðurkvæmileg og að þeir kunni að verða notaðir á allt annan veg en til var stofnað

og í annarlegum tilgangi. Að það hafi vakað fyrir stefnendum að njósna um skoðanir undirskrifenda og að um skipulegar persónunjósnir hafi verið að ræða af þeirra hálfu. Að þeir hafi ætlað að koma upplýsingum í hendur óhlutvandra manna, þ. e. hægri aflanna í landinu, í annarlegum tilgangi og að notkun þeirra á undirskriftalistunum hafi verið óviðurkvæmileg.

Stefnendur telja ummælin sérstaklega ámælisverð fyrir þá sök, að stefndi hafi látið þau uppi sem alþingismaður í sérstökum útvarpsþætti frá Alþingi, þar sem gilt hafi hlutleysisreglur Ríkisútvarpsins. Telja stefnendur, að þessi birtingarháttur ummælanna auki á refsinemi þeirra. Stefnendur telja ummælin fela í sér aðdróttun og móðgun, sem séu refsiverðar skv. 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það er viðurkennt af hálfu stefnenda, að ummæli stefnda séu ekki eins gifuryrt og illyrt eins og ýmis önnur ummæli, sem stefnendur hafa orðið að þola, en á hinn bóginn séu aðdróttanirnar á allalvarlegu stigi í þessu máli.

Í greinargerð sinni lagði stefndi megináherslu á það, að lög-gjöfin hefði ekki ætlast til þess, að ákvæði hegningarlaganna um ærumeiðingar kæmu í veg fyrir almennar pólitískar umræður í landinu. Hann kvað menn daglega láta uppi opinberlega margs konar viðvaranir í pólitísku samhengi, þannig að oft gætu margir tekið til sín ýmsar óbeinar ásakanir, sem í slíkum viðvörunum kynnu að felast, án þess að nokkrum dytti í hug málarekstur fyrir dómstólum. Hann kvað ummæli sín hafa verið viðhöfð til skýringar á tillögu til þingsályktunar, þau hefðu verið almenns eðlis, byggð á staðreyndum og rökum. Hann kvaðst telja, að ef stefnendur fengju þeim vilja sínum framgengt, að hann yrði dæmdur til refsingar og skaðabóta vegna þessara almennu ummæla, væri heldur en ekki þrengt að málfrelsi og ritfrelsi í landinu og að ekki væri að efa, að veruleg breyting yrði á störfum þeirra, sem mest fást við opinber skoðanaskipti, svo sem alþingismanna og ritstjóra dagblaða, ef þessi harðsnúna viðleitni til skerðingar á almennu málfrelsi og ritfrelsi fengi hljómgrunn dómstóla landsins.

„Ég tel mig hafa verið að gera þjóðinni grein fyrir mjög mikilvægu þingmáli. Í þessu máli sem öðrum verða alþingismenn að hafa eitthvert svigrúm til að gera grein fyrir nauðsyn þess máls, sem þeir eru að flytja. Þegar stjórnsmál eru annars vegar, þá eru menn oft í þeirri aðstöðu, að ummæli þeirra geta jaðrað við meiðyrði, og ef menn væru of hræddir við meiðyrða-

löggjöfina, væri tekið fyrir eðlileg skoðanaskipti. Þess vegna hikaði ég ekki við í þessu útvarpsviðtali að segja hug minn allan um þetta mál af fyllstu hreinskilni.“

Við munnlegan flutning málsins lagði stefndi ríka áherslu á, að ummæli sín hafi verið þáttur í umræðu um mjög umdeilt pólitískt mál, sem mörg rimma hefði verið háð um á undanförunum áratugum og margt illyrði flogið í garð andstæðinga, án þess að af því hlytust meiðyrðamál fyrr en nú. Hann sagði, að ekki væri um að ræða vanhugsuð, grófgerð illyrði, eins og algengt væri í meiðyrðamálum, heldur ummæli, sem beindust að pólitískum verknaði, sem væri gagnrýndur, og hugsanlegum tilgangi á bak við þann verknað. Ummælin beindust ekki að neinum tilgreindum persónum og enn síður að æru nokkurs manns. Þau væru ekki stóryrt eða tilfinningahlaðin, heldur fælu í sér rökstudda gagnrýni á meðferð upplýsinga, sem stefnendur hefðu í fórum sínum. Ef menn gætu ekki haft uppi rökstuddar viðvaranir vegna þess, sem þeir kæmu auga á, gagnrýnt óvenjulegar aðgerðir pólitískra andstæðinga, leyft sér að geta sér til um það, sem í vændum kynni að vera í framhaldi ákveðinna aðgerða, komið á framfæri rökstuddum grun sínum án ótta við að hljóta dóm fyrir, væri tjáningarfrelsið í landinu í mikilli hættu.

Stefndi benti sérstaklega á, að fyrirsvarsmenn „Varins lands“ væru ekki nefndir á nafn, einungis hefði verið um það að ræða að gera grein fyrir almennu máli og útskýra viðhorf, en ekki að meiða nokkurn mann. Um einstaka þætti í hinum umstefndu ummælum hafa aðiljar þetta m. a. fram að færa:

Stefndi heldur því fram, að undirskriftasöfnuninni hafi verið nærri lokið, þegar það kom fram í blöðum, að notuð væri tölva við úrvinnslu undirskriftagagnanna. Hann telur því, að fæstir þeir, sem skrifuðu undir, hafi vitað, að um svo óvenjulega meðferð undirskriftalistanna yrði að ræða, og margir hefðu ekki viljað skrifa undir, ef þeir hefðu vitað, að nöfn þeirra kæmu inn í tölvugögnin.

Porsteinn Sæmundsson segir, að mönnum hafi ekki verið gefin nein sérstök fyrirheit um meðferð á undirskriftalistunum. Hann kveður ljóst, að fólk, sem skrifaði undir, hafi með því verið að láta í ljós þá skoðun, sem það ætlaðist ekki til, að færi leynt, en hann kveður jafnljóst, að það hafi verið í þágu þessa fólks, að sem best væri gengið frá þessum gögnum. Hann kveðst sannfærður um, að allt, sem gert var, hafi verið gert í þágu þeirra,

sem skrifuðu undir, og það hafi á engan hátt brotið í bága við hagsmuni þeirra. Hann segir, að tölvuvinnslan hafi ekki komið til umræðu fyrr en eftir að undirskriftasöfnuninni var lokið, þegar ljóst var orðið, að geysilegur fjöldi mundi skrifa undir, því hafi verið ógerningur að tilkynna um hana fyrir fram.

Af hálfu stefnenda hefur verið bent á, að engin gagnrýni á þessi vinnubrögð hafi komið fram af hálfu þeirra, sem undirskrifuðu, nema hvað einn maður hafi lýst sig óánægðan með þau í dagblaðinu Tímanum. Forgöngumönnunum hafi engin skylda borið til að gera þeim, sem undirskrifuðu, grein fyrir, að þeir hygðust nota tölvu.

Stefndi vék að því í aðiljaskýrslu sinni, að í tölvuskránum fælust ekki aðeins upplýsingar um þá, sem skrifuðu undir, heldur jafnframt um hina, sem ekki skrifuðu undir, þess vegna gætu óhlutvandar menn misnotað þær með ýmsum hætti, en hann kveðst hvorki hafa kallað stefnendur óhlutvanda menn né full-yrst, að tölvuskráin hefði verið misnotuð. Hann benti á það í málflutningi, að ef gögnin kæmust í hendur óhlutvandra manna, gætu menn átt á hættu að vera útilokaðir frá vinnu eða hindraðir í að komast til tiltekinnna landa. Hann lagði áherslu á, að óhlutvandar menn gætu komist yfir gögnin, án þess að stefnendur ættu sök á því.

Af hálfu stefnenda er hins vegar á því byggt, að gögn þessi gætu ekki komist í hendur óhlutvandra manna, án þess að þeir ættu sök á því.

Í skriflegri aðiljaskýrslu Þorsteins Sæmundssonar kemur fram, að forgöngumennirnir hafi sjálfir farið yfir listana og ekki notað til þess sjálfboðaliða. Þeir hafi fylgt ákveðnu kerfi við alla gagnamedhöndlun og falið tilteknum mönnum í hópnum að hafa þar heildaryfirsýn og ábyrgð.

Í greinargerð og við munnlegan málflutning lagði stefndi áherslu á, að hann hefði ekki sagt, að forgöngumenn „Varins lands“ hefðu viðhaft persónunjósnir, heldur að hann hafi átt við, að þegar gögnin væru komin í hendur óhlutvandra manna, væri um að ræða njósnir, sem þeir menn bæru ábyrgð á.

Í aðiljaskýrslu sinni fyrir dóminum komst stefndi svo að orði: „Ég hef ekki haldið því fram, að undirskriftasöfnun „Varins lands“ teljist til ólöglegra athafna, einungis að það hafi verið um að ræða persónunjósnir af því tagi, sem nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir með lagasetningu.“ Að því er varðaði hugtakið persónunjósnir kvaðst stefndi viðurkenna, að það kynni að þykja

nokkuð hart, en hann sagðist vilja vekja sérstaka athygli á því, að hugtakið njósnir hlyti að hafa nokkuð mismunandi blæbrigði eftir því, í hvaða samband það væri sett.

Nánar segir um þetta orðrétt svo í aðiljaskýrslu: „Vegna þess að refsiverðar njósnir, sem teknar eru til dóms í öðrum löndum, leiða af sér þyngstu dóma, er hætt við, að þetta hugtak hafi nokkuð neikvæða merkingu, en raunveruleg merking orðsins er sú, að verið sé að hnýsast um leynda hagi manna. Sú athöfn þarf alls ekki ávallt að vera refsiverð, heldur að sjálfsögðu mjög algeng í mannlegum samskiptum.“

Þann 29. apríl sl. var samþykkt svohljóðandi ályktun í Sam-einuðu þingi: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Alþingi í þingbyrjun næsta haust frumvarp til laga um verndun einstaklinga gagnvart því, að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni.“

Stefndi hefur í málinu rakið aðdraganda að samþykkt þessari og kveður ráðherra þegar hafa skipað nefnd, sem vinni að þessu máli. Í því sambandi hefur hann upplýst, að í mörgum ríkjum, sem búa við líka stjórnarhætti og Íslendingar, sé unnið að lög-gjöf á þessu sviði eða þegar hafi verið sett lög um þessi efni, þar á meðal í Svíþjóð.

Stefndi hefur varpað fram þeirri spurningu, hvort athafnir, sambærilegar við athafnir stefnenda, kynnu að geta verið refsiverðar í öðrum löndum.

Af hálfu stefnenda hefur þessu verið harðlega andmælt.

Stefndi kveðst telja tölvuvinnslu stefnenda illréttlætánlega frá mörgum sjónarhornum, enda mundi hún þykja fordæmanleg meðal annarra þjóða.

Af hálfu stefnenda hefur komið fram það álit, að njósnir væru alvarlegt brot, sem sætti þyngstu viðurlögum. Lögmaður stefnenda kveðst telja rétt, að persónunjósnir leiði af sér þyngstu dóma í öðrum löndum og séu taldar svivirðilegar. Hins vegar andmælti hann því harðlega, að hægt væri að kalla starfsemi stefnenda persónunjósnir, ekki hefði verið um að ræða skráningu leyningra upplýsinga, heldur aðeins að tryggja, að upplýsingar, gefnar af frjálsum og fúsum vilja, væru sem réttastar.

Stefndi kveðst telja, að tölvuvinnslan hafi verið með öllu óþörf, auðveldara og ódýrara hefði verið að fara yfir listana án þess að nota tölvuna. Hann hefur bent á, að mátt hefði merkja inn á kjörskrá til að koma í veg fyrir, að ekki væru tvírituð

nöfn, og til að sannreyna réttan aldur og heimilisföng manna, sem höfðu skrifað undir.

Þorsteinn Sæmundsson komst svo að orði um þetta efni, að óframkvæmanlegt hefði verið að fara þannig að, ekki fræðilega, heldur vegna þess, að það hefði kostað mjög mikla vinnu. Hann segir, að hagræðið við að nota tölvu sé, að hún geti raðað eftir heimilisföngum á sama hátt og íbúaskrá, þannig að hægt sé að bera saman við íbúaskrána. Ef þessi háttur hefði ekki verið hafður á, segir hann, að þurft hefði að taka upp hvert einasta nafn og fletta upp í íbúaskrá eða kjörskrá. Hann sagði, að ein ástæðan fyrir því, að þeir hefðu haldið fast um þessi gögn, væri sú, að eftir að undirskriftasöfnuninni lauk, hafi verið sá möguleiki fyrir hendi, að einhver reyndi að vefengja niðurstöðurnar, t. d. hefði getað verið, að einhver héldi því fram, að nafn sitt væri á listunum, þótt hann hefði ekki skrifað undir, eða nafn vantaði, þrátt fyrir að skrifað hefði verið undir. Hann kveður stefnendur hafa boðist til þess opinberlega að kanna slíkt, ef fram á það væri farið. Til þess kveður hann þó aldrei hafa komið, en ef öll gögn hefðu verið farin úr höndum þeirra, hefðu þeir ekki getað svarað spurningum af þessu tagi. Hann sagði, að skrárnar væru endanleg sönnunargögn, sem þeir hafi haft fulla ástæðu til að halda í og mundu vafalaust varðveita, meðan þau málaferli, sem nú standa yfir, væru ekki til lykta leidd.

Lögmaður stefnenda segir, að tilgangur stefnenda hafi verið, að vilji Íslendinga kæmi fram í því máli, sem um var rætt í þeirri yfirlýsingu, sem mönnum var gefinn kostur á að skrifa undir. Tilgangurinn með notkun tölvunnar hafi verið að forðast, að nöfn væru tvítalin, að menn undir lögaldri væru með taldir og að um fölsun nafna gæti verið að ræða.

5.0.

Álit dómsins.

5.1. Almenn.

5.1.1.

Að íslenskum lögum er meginregla, að menn eigi rétt á að tjá hug sinn fyrir öðrum, jafnt í einkalífi sem opinberlega og með hvaða tjáningarhátti sem vera skal. Í opinberum umræðum um stjórnarmálefni er þessi meginregla sérlega mikilvæg vegna þeirra lýðræðislegu stjórnarháttá, sem stjórnskipunarreglur miðast við.

Þetta sjónarmið kemur meðal annars fram í ákvæði 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem svo er mælt fyrir, að enginn alþingismaður verði krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi, sbr. og 1. mgr.

Um ritfrelsi er sérstaklega fjallað í 72. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem svo er kveðið á, að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en verði þó að ábyrgjast þær fyrir dómi.

Í 3. mgr. 3. gr. útvarpslaga nr. 19/1971 segir: „Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum.“

Meiðyrðalöggjöfin felur í sér takmarkanir á grundvallarreglunni um tjáningarfrelsi. Þessar takmarkanir byggjast almennt á því viðhorfi, að hagsmunir, tengdir æru manna, geti verið svo ríkir, að þeir almannahagsmunir, sem við tjáningarfrelsið eru bundnir, hljóti að víkja. Á hinn bóginn er almennt viðurkennt, að árásir á æruna, sem væru ólögmætar eftir almennum reglum, geti verið lögmætar, ef ríkir hagsmunir liggja til grundvallar þeim árásum.

Meðal þeirra hagsmuna, sem þannig kunna að vera metnir meir en hagsmunir æruverndar, eru hagsmunir samfélagsins af því, að umræður um opinber málefni geti farið fram í þeim mæli sem hinar lýðræðislegu og þingræðislegu grundvallarreglur krefjast. M. a. er nauðsynlegt, að menn geti gagnrýnt pólitíska andstæðinga, athafnir þeirra og skoðanir að vissu marki.

Ekki eru men sammála um, hversu langt eigi að ganga í þessu efni almennt, en hér verða dómstólar að skera úr eftir málavöxtum hverju sinni. Við þetta mat verður m. a. að gæta þess, að opinberum umræðum verði ekki settar of þröngar skorður eða hlutverki fjölmiðla, að því er varðar upplýsingastarfsemi og gagnrýni. Þá verður að hafa í huga eðli umræðunnar og tjáningarvenjur og gæta þess, að ef ummæli eiga að teljast ósaknæm, verða menn almennt að virða almennar velsæmiskröfur og tjá sig málefnalega. Hafa ber í huga, að stjórnmalabarátta í lýðræðisþjóðfélagi verður ekki rekin með málefnalegum rökum einum, og verða dómstólar að gæta þess að ganga ekki of langt í að þrengja að athafnafrelsi þeirra aðilja, sem þessa baráttu heyja.

4.1.2.

Á undanförnum áratugum hefur dvöl herliðs Bandaríkjanna á Íslandi og aðild Íslands að Norður-Atlantshafsbandalaginu verið meðal þeirra mála, sem hörðust stjórn málaátök hafa staðið um. Alþýðubandalagið hefur frá stofnun þess verið mjög andvígð hvoru tveggja. Undirskriftasöfnun stefnenda miðaði að því að koma í veg fyrir, að sú stefna þáverandi ríkisstjórnar, að herlið Bandaríkjanna skyldi fara af landinu í áföngum, næði fram að ganga. Ekki virðist því leika vafi á, að undirskriftasöfnunin var þáttur í stjórn málastarfsemi.

Þau viðhorf, sem hafa verið rakin hér að framan um málfrelsi á sviði stjórn mála, eiga því við gagnrýni á undirskriftasöfnuninni. Umræður um herstöðvamálin hafa oft verið óvægar og stóryrtar og einkennst af tilfinningahita.

Þegar hin umstefndu ummæli eru virt í þessu ljósi, má segja um þau almennt, að þau verða engan veginn talin með því stóryrtasta eða illyrtasta, sem fram hefur komið í þessum umræðum. Eigi að síður ber að hafa í huga, að þótt mönnum hafi haldist uppi órefsað að viðhafa fjölmæli á þessu sviði vegna þess, að andstæðingarnir hafa látið undir höfuð leggjast að leita réttar síns, er ekki þar með sagt, að myndast hafi venjur um talshætti, sem breyti mati á mörkum málfrelsis og æruverndar. Á hinn bóginn virðist mega taka nokkurt tillit til þess, að stefnendur, sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórn málastarfsemi og m. a. látið hersetumálin til sín taka, máttu búast við gagnárásam af hálfu andstæðinga sinna, enda setti undirskriftasöfnunin þá í sviðsljós opinberra stjórn málaátaka.

Hafa ber í huga, að stefndi var formaður Alþýðubandalagsins, sem á þessum tíma stóð að ríkisstjórn og var sá af stjórnarflokkunum, sem fastast sótti á um, að stefnu stjórnarinnar um brottför herliðsins yrði fylgt fram. Jafnframt ber að líta til þess, að stefndi var einn þeirra þingmanna, sem lagt höfðu fram þingsályktunartillöguna, sem fjallað var um í þættinum. Stefndi var þannig í þeirri aðstöðu, að hann gat illa komist hjá að láta í ljós álit sitt á undirskriftasöfnuninni, þegar að henni var vikið. Afstaða Alþýðubandalagsins gegn undirskriftasöfnuninni var mjög eindregin og andstæð stefnendum, og var ekki annars að vænta en það kæmi fram í máli formanns flokksins.

Dómarinn getur ekki fallist á þann skilning lögmanns stefn-

enda á áðurnefndu ákvæði útvarpslaganna um óhlutdrægni, að birtingarhátturinn auki á refsinnæmi ummælanna.

Þegar formaður stjórnmalaflokks og þingmaður er spurður álits um pólitískt deilumál í útvarpi, er þess ekki að vænta, að í máli hans gæti „óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum.“

Skyldan til óhlutdrægni hvílir fyrst og fremst á Ríkisútvarpinu sjálfu, og það gæti þeirrar skyldu að því er varðar umræður um pólitískt deilumál, m. a. með því að gefa öllum deiluaðiljum jafnt færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

5.2. Einstök ummæli.

Telja verður, að enginn vafi sé á, að stefndi hafi átt við undirskriftasöfnun stefnenda í ummælum sínum, þegar hann ræddi um, að „kominn sé tími til að spyrna við fótum“, og virðist þá felast í ummælum hans:

1. Staðhæfing um, að stefnendur og félagar þeirra hafi fengið fólk við alls konar kringumstæður til að ljá nafn sitt á lista, án þess að það hefði hugmynd um, að eftir á yrðu skoðanir þess skráðar á gataspjöld og segulspólur.
2. Að þessi gataspjöld og segulspólur gætu síðar meir orðið til afnota fyrir ýmiss konar óhlutvanda menn.
3. Að „þá,“ sé ekki lengur um að ræða venjulega undirskriftasöfnun, heldur skipulagðar persónunjósnir með nýjustu tækni.
4. Að sterkur grunur sé á, að tilgangur þeirra, sem stóðu fyrir undirskriftasöfnuninni, hafi verið að mynda fyrsta vísi að pólitískri tölvuskra yfir alla Íslendinga til afnota fyrir hægri öflin í landinu.

Verður nú tekin afstaða til einstakra liða í ummælum stefnda.

Um 1.

Það virðist mega byggja á því, að fjöldamargir hafi skrifað nöfn sín á undirskriftalistana, án þess að þeir hefðu hugmynd um, að tölvutækni yrði notuð við að yfirfara þá. Óumdeilt er, að nöfn þeirra, sem skrifuðu undir, voru skráð á gataspjöld og segulspólur.

Þar sem afstaða til stefnu stjórnarinnar í herstöðvamálum og Norður-Atlantshafsbandalagsins felst í áskorun þeirri, sem mönnum var gefinn kostur á að undirrita, má færa til sanns vegar, að skoðanir manna hafi verið skráðar.

Hér er því ekki hallað réttu máli, og verður stefndi þá ekki sakfelldur á þeim grundvelli.

Ekki verður því neitað, að fólk hlýtur að hafa skrifað á listana við margs konar aðstæður. Þótt vera megi, að hér dyljist að baki skírskotun til einhverra frásagna um umdeilanlegar aðfarir þeirra, sem fóru um með undirskriftalistana, verður ekki talið, að í þeim ummælum, sem að þessu efni lúta, leynist óréttmæt ásökun í garð stefnenda.

Það dylst hins vegar ekki, þótt það sé ekki sagt beinum orðum, að stefndi telur ámælisvert, að stefnendur hafa ekki gert grein fyrir því áður en farið var af stað með undirskriftasöfnunina, að upplýsingarnar, sem fólust í undirskriftunum, yrðu skráðar á gataspjöld og segulspólur. Þetta virðist koma nægilega fram af samhenginu.

Það gat ekki hjá því farið, að menn mynduðu sér skoðanir á þessu efni, þegar fréttist af notkun tölvunnar. Svo sem vænta mátti, komu fram af hálfu pólitískra andstæðinga stefnenda skoðanir eins og sú, sem hér ræðir, sem fela í sér gagnrýni á gerðum þeirra. Dómarinn telur, að sú gagnrýni, sem stefndi hefur hér sett fram, sé augljóst dæmi um leyfilega gagnrýni, sem menn verða að þola á gerðum sínum, og er þá ekki sagt, að dómarinn sé sammála þeirri skoðun, sem í gagnrýninni felst.

Samkvæmt þessu verður stefndi ekki látinn sæta viðurlögum fyrir þennan þátt ummælanna.

Um 2.

Dómaranum virðist, að því verði ekki neitað, að möguleiki sé á, að þau gögn, sem stefnendur héldu eftir, þegar þeir afhentu undirskriftalistana, komist úr höndum forgöngumanna „Varins lands“ og þá í hendur „óhlutvandra manna“, þ. e. manna, sem væru vísir til að misnota þau gegn þeim, sem skrifuðu undir eða öðrum. Það má hugsa sér, að þetta gæti gerst með margvíslegum hætti. Það verður að fallast á það með stefnda, að þetta gæti gerst með þeim hætti, að ekki væri við stefnendur að sakast. Verður því ekki talið, að nokkur aðdróttun felist í þessum ummælum, sem sæta eigi viðurlögum.

Um 3.

Eins og fram kemur hér að framan, leikur nokkur vafi á, til hvers orðið „þá“ vísar í því, sem á undan er sagt. Hlustendur gátu lagt mismunandi skilning í þessi ummæli, þ. e. að um

persónunjósniir væri að ræða, þegar skráning á gataspjöld og segulspólur hefði átt sér stað eða þá fyrst, þegar þessi gögn væru komin í hendur óhlutvandra manna.

Ummæli stefnda í aðiljaskýrslu verða þó vart skilin á annan veg en þann, að hann hafi átt við, að um hefði verið að ræða persónunjósniir af hálfu stefnenda.

Í ummælunum á undan lýsti stefndi tölvunotkun stefnenda. Í þessum þætti ummællanna leggur hann dóm á hana og kallar persónunjósniir.

Persónunjósniir þurfa ekki að vera ólöglegar eða refsiverðar, þótt þær séu ekki þáttur í rannsókn sakamála eða annarrar rannsóknar opinberra aðilja. Þannig er það alkunna, að a. m. k. erlendis gera menn sér löglega atvinnu af því að njósna um persónulega hagi manna, án þess að það þyki siðferðilega ámælisvert, enda hafi sá, sem upplýsinganna er aflað fyrir, réttmæta hagsmuni af að fá upplýsingarnar.

Orð stefnda virðist ekki bera að skilja þannig, að hann telji atferli stefnenda ólöglegt, en í viðtalinu kemur fram, að hann telur, að rétt sé, að sett sé löggjöf til að stemma stigu við slíku.

Dómarinn hlýtur að fallast á það með stefnendum, að með því að engin leynd var höfð við öflun þeirra upplýsinga, sem færðar voru á gataspjöldin, og þar sem ekkert hefur komið fram í málinu því til styrktar, að þeir hafi notað þessi gögn til annars en þeir, sem skrifuðu undir, máttu búast við, sé ekki réttmætt að kalla athafniir þeirra persónunjósniir, og þar sem ekki verður á móti mælt, að orðið persónunjósniir hefur á sér óviðurkvæmilegan blæ, þykir skv. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 bera að ómerkja málsgreinina: „Þá er þetta ekki lengur venjuleg undirskriftasöfnun, heldur skipulagðar persónunjósniir með nýjustu tækni.“

Þótt dómarinn geti, svo sem að framan greinir, ekki fallist á dóm stefnda um athafniir stefnenda, virðist ekki ætlandi annað en að um sé að ræða rökstudda skoðun hans, og þótt orðið persónunjósniir kunni, eins og stefndi viðurkennir, að þykja nokkuð hart, verður ekki talið, að ummælin gangi úr hófi fram um búning eða orðfæri, þegar mið er tekið af því, sem alvanalegt er í pólitískum umræðum.

Það virðist mega ráða af því, sem fram er komið, að undirskriftasöfnunin hafi víða, og einkum í fjölmennustu byggðarlögunum, farið þannig fram, að fáir hafi átt þess kost að komast hjá að taka afstöðu til þess, hvort þeir ættu að skrifa undir eða

neita beiðni þar um, og þar sem hugsanlegt er, að hægt væri að nota tölvugögnin á einhvern hátt gegn því fólki, sem ekki skrifaði undir, eða jafnvel hinum, sem skrifuðu undir, og þar sem m. a. af þessum sökum ekki er óeðlilegt, að fram komi skoðanir um, að þörf sé á lagareglum um notkun tölvutækni til skráningar á upplýsingum eins og þeim, sem er að finna beint og óbeint á nefndum undirskriftalistum, og þegar gætt er hinnar sérstöku aðstoðu stefnda, og einkum þess, sem segir hér að framan um mörk málfrelsis og æruverndar í pólitískum umræðum, þykir ekki verða fallist á kröfu stefnenda um refsingu.

Um 4.

Þessi ummæli eru viðhöfð sem liður í gagnrýni á því, að stefnendur afhentu ekki tölvugögnin með undirskriftalistunum. Stefndi virðist telja, að það hljóti að vekja sterkar grunsemdir um, að tilgangurinn með tölvuskráningunni hafi verið annar en sá, sem látinn var í veðri vaka. Hér er um að ræða pólitíska ádeilu á gerðir stefnenda, og þeir eru vændir um áform um að nota tölvugögnin í þágu hægri aflanna í landinu. Hugmynd stefnda virðist vera sú, að stefnendur hafi stefnt að því að koma upp skrá yfir alla Íslendinga með aðstoð tölvu, þar sem væri að finna upplýsingar, sem gæfu vísbendingu um pólitíska afstöðu manna.

Alkunna er, að í kosningabaráttu hefur mjög tíðkast að framboðsaðiljar notuðu kjörskrár, sem merktar eru inn á upplýsingar, sem ætlað er að gefa vísbendingar um, hvornig menn kynnu að greiða atkvæði. Á grundvelli þessara skráa hefur svo m. a. verið reynt að hafa áhrif á fólk um að neyta kosningaréttar, ef viðkomandi framboðsaðili hefur talið sér von í atkvæði þess.

Enginn ágreiningur er um, að notkun þess konar skráa sé réttlæt看leg. Þótt slík skrá væri gerð með aðstoð tölvu, verður ekki séð, að það mat eigi að breytast. Hér er væntanlega átt við, að komið væri upp kjörskrá með venjulegum upplýsingum auk upplýsinga um, hvort viðkomandi hefði skrifað nafn sitt á undirskriftalista „Varins lands“.

Því er hér haldið fram um stefnendur, að þeir hafi ætlað að gefa „hægri öflunum“ færi á að hagnýta sér upplýsingarnar í tölvugögnunum.

Stefndi hefur hér valið óljóst hugtak, sem ekki hefur skilgreinda merkingu að lögum. Ljóst er, að hann telur ekki flokk

sinn til hægri aflanna og tæplega alla aðra stjórnmalaflokka í landinu.

Nægilega ljóst virðist, að stefndi á hér við stjórnmalaoöfl, sem njóta mikils fylgis meðal kjósenda og jafnvel virðingar andstæðinga sinna. Að láta slíkum aðiljum í hendur gögn, sem geta auðveldað þeim að afla sér kjörfylgis, er ekki það sama og t. d. að fá þær í hendur mönnum, sem gætu mismunað mönnum, t. d. að því er varðar atvinnumöguleika, en hvað sem líður merkingu hugtaksins „hægri aflanna“ í þessu sambandi, verður að telja, að ýmsir, sem skrifuðu undir, hefðu réttmæta ástæðu til að telja, að gögnin hefðu verið misnotuð andstætt tilætlunum þeirra og í þágu pólitískra andstæðinga sinna, ef „hægri öflunum“ yrðu gefnar upplýsingar um afstöðu þeirra, til að þau gætu hagnýtt sér þær í stjórnmalabaráttunni.

Ekkert hefur komið fram í málinu, sem styrkir þann grun, sem stefndi telur hafa hlotið að vakna um tilgang stefnenda.

Af þessum sökum þykir bera að ómerkja þessi ummæli, þ. e. málsgreinarhlutann „ . . . tilgangurinn sé einmitt sá . . . hægri öflin í landinu“, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga 19/1940.

Hins vegar verður ekki fullyrt, að ummæli þessi séu viðhöfð gegn betri vitund. Óneitanlega hljóta spurningar að hafa vaknað í hugum manna, ekki síst pólitískra andstæðinga stefnenda, um það, hvað þeim gengi til að halda eftir tölvugögnunum. Ummæli þessi ganga ekki úr hófi fram um búning og orðfæri.

Þá ber að gæta þess, að þeir, sem rituðu nöfn sín undir yfirlýsinguna, höfðu ekki ástæðu til að ætla, að leynt yrði með farið. Þannig verður ekki annað séð en stefnendum hefði verið heimilt að birta áskorunina ásamt undirskriftunum opinberlega.

Loks er á það að líta, að hér er um að ræða dæmigerð pólitísk ummæli, viðhöfð um pólitíska andstæðinga, í miklu pólitísku deilumáli, af formanni þess stjórnmalaflokks, sem var harðastur andstæðingur stefnenda í herstöðvamálinu.

Fólk hefur vanist því, að ekki sé rétt að taka slík ummæli allt of bókstaflega. Dómarinn lítur því svo á, að synja beri kröfu stefnenda um refsingu vegna þessara ummæla.

Þar sem ummæli stefnda hafa samkvæmt því, sem að framan er rakið, ekki verið talin refsiverð, ber samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að synja kröfu stefnenda um féggjald fyrir hneisu. Af sömu ástæðu ber að hafna kröfu um fjárgreiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms, sbr. 2. mgr. 241. gr. laga 19/1940.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að neyta heimildar 178. gr. laga 85/1936 og láta málskostnað falla niður.

Hinn reglulegi héraðsdómari hefur vikið sæti í máli þessu.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari hefur verið skipaður setudómari í málinu, og kveður hann upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eru dæmd dauð og ómerk.

Kröfur stefnenda um refsingu, miskabætur og fégjald til að kosta birtingu dóms eru ekki teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. júlí 1979.

Nr. 92/1974. **Fróðá h/f, eigandi jarðarinnar Fróðár,**
(Magnús Óskarsson hrl.)

gegn

**Birni, Einari, Guðmundi, Sigurði og
Úlfari Kristjónssonum, eigendum
jarðarinnar Ytri-Bugs, og**

(Sigurður Ólason hrl.)

**Jóhanni, Óskari og Þorgils Þorgilssonum,
Guðlaugu Þorgilsdóttur,
Bjarna, Gils, Guðmundi, Hrafni og
Kristjáni Friðrikssonum,**

**Anný og Bjarneyju Friðriksdætrum,
eigendum jarðarinnar Innri-Bugs, og**

(Skúli J. Pálmason hrl.)

**Björn, Einar, Guðmundur, Sigurður og
Úlfar Kristjónssynir**

gegn

Fróðá h/f.

Landamerkjамál. Gagnsök vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.